



Leiðsögn

## Auka-aðalfundur Leiðsagnar – stéttarfélags leiðsögumanna

8. júní 2021

### Fundargerð

Auka-aðalfundur Leiðsagnar – stéttarfélags leiðsögumanna var haldinn að Stangarhyl 4, þriðjudaginn 8. júní 2021. Fundurinn var í senn staðfundur og fjarfundur þar sem unnt var að fylgjast með og taka þátt í gegnum Zoom. Allar kosningar á fundinum voru rafrænar.

Pétur Gauti Valgeirsson, formaður Leiðsagnar, setti fund kl. 19.07 og gerði grein fyrir gildandi sóttvarnareglum sem m.a. höfðu í för með sér að fundarmenn þurftu að sitja í númeruðum sætum. Pétur fór einnig yfir fyrirkomulag fundarins með tilliti til notkunar Zoom og atkvæðagreiðslu.

#### 1. Kosning fundarstjóra og annarra starfsmanna fundarins

Pétur bar því næst undir samþykki fundarins að Ólafur Karl Eyjólfsson, lögmaður, yrði skipaður fundarstjóri og Ásgeir Sverrisson, starfsmaður skrifstofu ASÍ, ritari. Það var samþykkt. Fundarstjóri bar upp þá spurningu hvort fundarmenn hefðu einhverjar athugasemdir við boðun fundarins og lögmati hans. Svo reyndist ekki vera. Var því gengið til áður auglýstrar dagskrár.

#### 2. Skýrsla félagsstjórnar

Pétur formaður reifaði nokkur helstu atriði skýrslu félagsstjórnar. Hann kvað árið hafa verið leiðsögumönnum og félaginu erfitt af alþekktum sökum. Leitað hefði verið til yfirvalda eftir stuðningi við félagsmenn vegna efnahagslegra afleiðinga COVID-veirufaraldursins en viðbrögð hefðu valdið vonbrigðum og einkennst af þvermóðsku og stífni. Félagar sem hefðu að hluta verið verktakar og að hluta launþegar hefðu orðið fyrir þungu höggi sökum afstöðu Vinnumálastofnunar til bótaréttar þeirra. Við lengingu tekjutengdra bóta úr þremur mánuðum í sex hefðu margir félagar lent milli skips og bryggju við útfærslu breytinganna þar eð þeir höfðu misst vinnu áður en breytingin var ákveðin. ASÍ hefði veitt félaginu liðveislu en langan tíma hefði tekið að fá fram sanngjarna leiðréttingu í formi afturvirkra bótagreiðslna. Pétur gagnrýndi

framgöngu stjórnvalda, kvað þau reiðubúin til að hjálpa félögum og fyrirtækjum en af einhverjum sökum ætti það ekki við um leiðsögumenn og félag þeirra.

Pétur sagði félagið sjálft hafa lenti í miklu tekjufalli snemma í faraldrinum. Nauðsynlegt hefði því reynst að grípa til niðurskurðar og hefði framkvæmdastjóra félagsins m.a. verið sagt upp. Að auki hefði verið farið yfir alla kostnaðarliði til að ná fram sparnaði.

Nýráðinn bókarari hefði farið yfir allt bókhaldið og væri það í góðu horfi. Tölvukerfi hefði verið endurnýjað og rafrænt kosningakerfi tekið upp. Brátt gæfist félögum færi á að nýta sér rafræna afgreiðslu beiðna og áfram væri unnið að smíði notendakerfis („Mínar síður“) sem einfalda myndi mjög alla miðlun upplýsinga og samskipti. Pétur ræddi um hið nýja húsnæði félagsins að Stórhöfða í Reykjavík og taldi sérstakt fagnaðarefni að einungis verkalýðsfélög væri þar að finna. Sú staðreynd fæli í sér mikla möguleika og greiddi fyrir nánara samstarfi en áður.

Formaðurinn sagði stórt verkefni bíða sem væri sjálfur lagarammi félagsins. Lög félagsins og fundarsköp væru úr sér gengin og laga þyrfti þau að breyttum aðstæðum t.a.m. breyttri félagsaðild. Sagði hann í ráði að boða til auka-aðalfundar í haust þar sem lagaramminn yrði eitt mála á dagskrá.

Pétur sagði frá fundi með ferðamálaráðherra um málefni leiðsögumanna og kvað hann hafa verið góðan. Ráðherra hefði fengið afhenta skýrslu starfshóps sem starfað hefði frá október 2020 fram í maí á þessu ári þar sem gerð væri ítarleg grein fyrir helstu áherslum og hagsmunamálum félagsmanna. Þar væri m.a. lögð þung áhersla á menntun í samræmi við Evrópuástand þar um með íslenskum sérákvæðum og lögverndun starfsheitis leiðsögumanna. Hins væri bæri svo undarlega við að ráðherra hefði enn ekki tekið formlega við skýrslu hópsins. Nú væru einar þrjár vikur liðnar frá því að ráðherra fékk skýrsluna og teldist framhald málsins óljóst á meðan formleg staðfesting móttöku bærst ekki.

Pétur greindi einnig frá fundi með umhverfisráðherra um hálandisþjóðgarð og þátttöku í nefndum ASÍ.

Formaðurinn rifjaði upp að fagrað hefði verið stofnað á síðasta aðalfundi félagsins og væri starf þess í móttun. Þá gat hann umræðu um ofbeldi gegn konum undir merkjum #metoo og sagði ljóst að leiðsögumenn gætu verið býsna berskjaldar í þessu tilliti þar sem þeir væru yfirleitt einir á ferð með ókunnugu fólki. Sagði hann í ráði að fá sérfræðing til að annast fræðslu um málefnið fyrir stjórn og félagsmenn.

Pétur lauk máli sínu með því að horfa til framtíðar. Eftir afar erfitt tímabil væri útlitið nú bjartara. Huga þyrfti að því að bæta þjónustu félagsins eftir því sem tekjur þess tækju að aukast á ný. Niðurskurður hefði óhjákvæmilega bitnað á þjónustunni. Lýsti hann þeirri skoðun sinni að ráða þyrfti einn starfsmann á skrifstofu auk þess sem huga bæri að því að hækka starfshlutfall formanns úr 25% í 50 – 100%. Starfið væri erilsamt og krefjandi.

Fram kom spurning þess efnis hvernig starf kjaranefndar hefði gengið í ljósi þess að félagsmenn væru nú mitt á milli samninga.

Pétur sagði að kjaranefnd hefði ekki verið nægilega samstíga. Kjaranefnd væri kosin af trúnaðarráði og þar sem nýtt ráð yrði kjörið á þessum fundi gæti það skipað nýja nefnd ef það svo kysi. Rétt væri að undirbúningstími vegna kjarasamninga væri að renna upp.

### 3. Reikningar félagsins og sjóða þess lagðir fram til afgreiðslu

Pétur formaður hóf umræðu um þennan dagskrárlið og sagði reikninga hafa verið lagða fram og hefðu þeir hlotið skoðun og samþykki. Hann rakti mistök við ársreikning sjúkrasjóðs sem komið hefðu til eftir textabreytingu á forsiðu sem valdið hefði einhvers konar „smiti“ í skjalinu sjálfu með þeim afleiðingum að þar hefði allt gengið úr lagi. Af þessum sökum hefði endanlegur ársreikningur sjúkrasjóðs ekki borist fyrr en degi fyrir fundinn. Andrés Einar Hilmarsson, endurskoðandi félagsins, hefði sagt ábyrgðina á þessum mistökum sína og var lesin upp yfirlýsing Andrésar vegna þessa.

Sonja Kjartansdóttir, bókari Leiðsagnar, og Óskar Kristjánsson gjaldkeri fóru yfir framlagða ársreikninga. Kom fram í máli þeirra að farið hefði verið yfir allt bókhald og endurskoðun, nokkrum bókhaldslyklum hefði verið breytt og bankareikningum félagsins fækkað.

Í umfjöllun um rekstrareikning Leiðsagnar spratt nokkur umræða um færsluliðinn „aðrar tekjur“ og var spurt hverjar þær væru. Sonja bókari sagði þessar tekjur vera umsýslukostnað vegna sjúkrasjóðs. Sonja tók undir gagnrýni þess efnis að texti reiknings mætti vera gegnsærri hvað þetta varðaði og kvaðst mundu koma þeirri athugasemd á framfæri við endurskoðanda. Skipta þyrfti liðnum „aðrar tekjur“ upp þannig að ekki færi á milli mála til hvers væri vísað.

Gerð var athugasemd við rekstrargjöld ársins 2020 sem svipaði mjög til ársins á undan. Spurt var hvernig stjórn hefði brugðist við í ljósi þess að rekstur félagsins yrði sýnilega mjög erfiður vegna COVID-faraldurs. Ekki væri að sjá að hagrætt hefði verið í rekstri, kostnaður við skrifstofu væri hár.

Sonja gerði grein fyrir rekstrarkostnaði og sagði kostnað fylgja því að félagið innheimti nú félagsgjöld sjálf. Þannig hefði uppfærsla á tölvukerfi verið nauðsynleg af þessum sökum. Þá væri þess að geta að uppsetning ársreiknings væri nú önnur en áður. Framkvæmdastjóra hefði verið sagt upp en sá sparnaður skilaði sér ekki strax vegna réttinda viðkomandi. Vinna hefði farið fram vegna hins nýja viðmóts sem Pétur formaður hafði gert grein fyrir í ársskýrslu stjórnar og fela myndi í sér „mínar síður“ fyrir félagsmenn og önnur rafræn samskipti við félagið. Greiða hefði þurft fyrir leyfi frá Microsoft og fleiri slíkum fyrirtækjum. Hún kvaðst ætla að rekstrarkostnaður myndi frekar lækka þar sem útgjöldin hefðu í nokkrum tilvikum verið einskiptiskostnaður.

Í umræðu um sjúkra- og orlofssjóð félags leiðsögumanna komu fram spurningar um skammtímafröfur auk þess sem gerð var sú athugasemd að vegna fyrrgreindra mistaka endurskoðanda hefði endanlegt og rétt uppgjör ekki borist fyrr en daginn áður sem ekki væri í samræmi við lög er kvæðu á um að allir reikningar skyldu liggja fyrir viku fyrir aðalfund. Þá var spurt til hvers færslan „ógreiddur launakostnaður“ vísaði.

Óskar Kristjánsson, gjaldkeri félagsins, sagði reikninga hafa komið fram snemma og félagsmenn hefðu verið hvattir til að skoða þá og koma á framfæri athugasemdum hefðu þeir einhverjar. Engar athugasemdir hefðu borist. Fyrir lægi að endurskoðandi hefði gert mistök hvað einn ársreikning varðaði.

Upplýst var að „aðrar skammtímakröfur“ væru skuld endurmenntunarsjóðs við sjúkrasjóð. Sonja bókar greindi frá því að „ógreiddur launakostnaður“ væri greiðsla skatta af sjúkradagpeningum í desembermánuði. Hún tók undir að þarna mætti texti vera skýrari og kvaðst mundu koma þeirri ábendingu á framfæri við endurskoðanda.

Spurt var um verðbréfaeign og kom fram að eignasafni hefði verið skipt upp á milli endurmenntunar- og sjúkrasjóðs að ráði Íslandssjóðs sem farið hefði yfir safnið og veitt ráðgjöf. Með því að skipta eignasafni upp hefði verið unnt að komast hjá greiðslu fjármagnstekjuskatts.

Reikningar voru því næst bornir undir atkvæði: Voru þeir samþykktir með handauppréttingu yfirgnæfandi meirihluta fundarmanna. Enginn greiddi atkvæði á móti.

#### **4. Tillögur um lagabreytingar ef fyrir liggja - frestað**

Pétur formaður sagði þá tillögu liggja fyrir fundinum að þessum lið yrði frestað fram á haust og lagabreytingum yrði vísað til starfshóps sem fara myndi yfir öll lög félagsins, sjóða o.fl. Gert væri ráð fyrir að sjö manna hópur, sérstök tímabundin lagabreytinganefnd, færi yfir lagaramma félagsins. Formaður félagsins yrði í þeim hópi ásamt formönnum kjaranefndar og fagdeildar auk þess sem stjórn skipaði tvo fulltrúa og trúnaðarráð tvo. Magnús Norðdahl, lögfræðingur ASÍ, myndi veita ráðgjöf.

Í umræðu um þennan dagskrárlið kom fram gagnrýni á að stjórn félagsins hefði ákveðið einhliða að taka umræðu um lagabreytingar út af dagskrá fundarins. Laganefnd og trúnaðarráð hefði ekki fengið upplýsingar um að málinu yrði frestað. Vandséð væri hvað fengist með því að fresta málinu fram á haust.

Pétur formaður sagði þessa athugasemd réttmæta hvað einhliða ákvörðun stjórnar varðaði en tók fram að hún hefði betur komið fram fyrir fundinn og þá eftir réttum leiðum. Hins vegar hefðu mistök verið gerð við ákvörðun frestunar. Lagði hann til að málinu yrði vísað til fundarins.

Fram kom það sjónarmið að tæpast væri ráðlegt að hefja umræðu um lagabreytingar á þessum fundi. Málið væri flókið og kallaði á mikla vinnu. Vakin var athygli á að koma mætti upp skilvirkara fyrirkomulagi hvað varðaði dagskrá aðalfunda þannig að tillögur lægju fyrir á heimasíðu félagsins með góðum fyrirvara sem gera myndi félagsmönnum kleift að ræða þær.

Fundarstjóri las upp tillögu um frestun úr fundarboði. Samþykkt var með 33 atkvæðum gegn 5 að fresta umræðu um lagabreytingar fram á haust.

Þá var kosið um tillögu um skipan sjö manna starfshóps sem fyrr var lýst. Hún var samþykkt með 32 atkvæðum gegn 3.

## **5. Fjárhagsáætlun lögð fram og tillaga gerð um félagsgjald, fag- og sérdeildagjöld**

Óskar gjaldkeri fór yfir framlagða áætlun. Hann sagði hana varfærna. Tölur væru svipaðar og rauntölur ársins 2020. Tölvukostnaður myndi lækka og gert væri ráð fyrir örlitlum hagnaði. Óskar lagði áherslu á að erfitt væri að leggja fram fjárhagsáætlun á slíkum óvissutímum. Hann sagði mikilvægt að efla félagið og stefna að fjölgun félagsmanna með markvissum hætti.

Tillaga stjórnar um félagsgjald, fag- og sérdeildagjöld var eftirfarandi:

Félagsgjöld verði óbreytt og fagdeildargjald einnig, kr. 9.000 á ári.

Gjöld til fagdeildar skiptist svo að 25% renni til fagdeildar og 75% til stéttarfélagsins sem þjónustugjald.

Þessi tillaga var samþykkt með 26 atkvæðum. Enginn var henni mótfallinn.

## **6. Kosning formanns eða lýsing formannskjörs**

Fram fór rafræn kosning og lyktaði henni þannig:

Friðrik Rafnsson: 27 atkvæði

Óskar Kristjánsson: 26 atkvæði.

## **7. Kosning til stjórnar**

Eftir stuttar ræður frambjóðenda var gengið til rafrænnar atkvæðagreiðslu. Niðurstaða hennar var þessi:

Snorri Steinn Sigurðsson: 33 atkvæði.

Valva Árnadóttir: 23 atkvæði.

Harpa Björnsdóttir: 22 atkvæði.

Jakob S. Jónsson: 22 atkvæði.

Hjörtur Howser: 21 atkvæði.

Sigrún Pálsdóttir: 20 atkvæði.

Guðný Margrét Emilsdóttir: 18 atkvæði.

Sigurður Albert Ármannsson: 14 atkvæði.

Þar sem Harpa Björnsdóttir og Jakob S. Jónsson hlutu jafn mörg atkvæði var kosið á milli þeirra. Jakob hlaut 23 atkvæði og Harpa 16.

Í stjórn verða því Snorri, Valva og Jakob.

Snorri og Valva eru kjörin til tveggja ára en Jakob tekur sæti Friðriks Rafnssonar sem átti eitt ár eftir af kjörtíma sínum. Varamenn allir til eins ár.

Í varastjórn eru:

Harpa Björnsdóttir

Hjörtur Howser.

Sigrún Pálsdóttir.

Guðný Margrét Emilsdóttir.

### **8. Kosning til trúnaðarráðs**

Vegna kjörs í stjórn og varastjórn var sjálfkjörið í 12 sæti aðalmanna og varamanna. Kosið var um sex aðalmenn og sex varamenn, alla til eins árs.

Eftirfarandi hlutu kjör sem aðalmenn:

Áslaug J. Marinósdóttir.

Birna Imsland.

Hildur Bjarnason.

Indriði H. Þorláksson.

Kári Jónasson.

Þórhildur Sigurðardóttir.

Kosið var á milli þeirra Aldísar Aðalbjarnardóttur og Hildar Bjarnason sem fengið höfðu jafnmörg atkvæði. Hildur var kjörin sem aðalmaður.

Varamenn eru:

Aldís Aðalbjarnardóttir.

Guðni Gunnarsson.

Jónína Birna Halldórsdóttir.

Pétur Gunnarsson.

Sigurður Magnússon.

Stefán Arngrímsson.

### **9. Kosning fulltrúa í fastanefndir og aðrar trúnaðarstöður**

Sjálfkjörið var í fastanefndir og aðrar trúnaðarstöður.

**Alþjóðanefnd:** Pétur Gunnarsson til tveggja ára

**Fagráð:** Indriði H. Þorláksson til tveggja ára.

**Fræðslunefnd:** Guðný Margrét Emilsdóttir til tveggja ára.

**Ritnefnd:** Sigurður Magnússon til tveggja ára.

## **10. Kosning stjórnar sjúkrasjóðs félagsins**

Fimm voru í framboði og voru kosnir þrír aðalmenn og tveir varamenn.

Þessi hlutu kosningu sem aðalmenn:

Pétur Gauti Valgeirsson til tveggja ára.

Ragnheiður Ármannsdóttir til tveggja ára.

Vilborg Anna Björnsdóttir til tveggja ára.

Varamenn:

Lovísa Birgisdóttir.

Þorsteinn Svavar McKinstry.

## **11. Kosning tveggja félagskjörinna skoðunarmanna reikninga til tveggja ára**

Sjálfkjörið var í þessar tvær stöður. Skoðunarmenn reikninga verða áfram þeir Snorri Ingason og Bergur Álfþórsson.

## **12 Önnur mál**

### *a) Ofbeldisverk gegn íbúum Palestínu*

Borgþór Kjærnested fjallaði um ofbeldisverk Ísraels gegn íbúum Palestínu. Sagði hann að skólar hefðu verið sprengdir í loft upp á Gaza-svæðinu þar á meðal skóli fyrir 12 fötluð börn sem félagið Ísland-Palestína hefði fjármagnað. Börnin hefðu öll týnt lífi í árásinni. Sagði hann veruleika Palestínumanna með öllu óásættanlegan og ástandið skelfilegt. Kvaðst hann vilja leggja til að því yrði vísað til stjórnar að Leiðsögn lýsi því yfir að félagsmenn neiti að vinna fyrir ísraelskar ferðaskrifstofur. Borgþór tók fram að einhverjar ferðaskrifstofur í Ísrael væru reknar af kristnum mönnum.

Málflutningi Borgþórs var tekið með lófaklappi en formleg tillaga um sniðgöngu ísraelskra ferðaskrifstofa var ekki lögð fram og ekki kom til atkvæðagreiðslu.

### *b) Starfsemi fræðslunefndar*

Þær Lovísa Birgisdóttir og Guðný Margrét Emilsdóttir gerðu grein fyrir starfsemi fræðslunefndar. Þær sögðu frá fundum um endurmenntun og tíu námskeiðum sem rúmlega 650 nemendur

hefðu sótt. Samstarf innan nefndarinnar hefði verið með miklum ágætum og áform væru uppi um áframhaldandi öflugra starfsemi.

*c) Ávarp nýkjörins formanns*

Friðrik Rafnsson, nýkjörinn formaður Leiðsagnar, þakkaði það traust sem fælist í kjöri hans. Hann óskaði stjórnarmönnum til hamingju með kjörið og kvaðst hlakka til samstarfsins. Mikilvægt væri að félagsmenn freistuðu þess að róa allir í sömu átt. Hann kvað skýrslu starfshóps til ferðamálaráðherra merkilegan áfanga og mikilvægt plagg sem nota mætti sem viðspyrnu. Þar eð ráðherra hefði enn ekki staðfest formlega móttöku skýrslunnar yrði að líta á hana sem trúnaðarmál en hann kvaðst hafa beðið Jakob S. Jónsson um að greina frá helstu efnisatriðum hennar í örstuttu máli.

*d) Skýrsla starfshóps til ráðherra*

Jakob S. Jónsson sagði eftirfarandi fjögur atriði mynda kjarna skýrslunnar:

1. Starfshópur mælir með Evrópustaðli sem grunni menntunar.
2. Skýrslan geymir viðamiklar tillögur um að ferðir erlendra leiðsögumanna um Ísland verði takmarkaðar og þeim sett skilyrði.
3. Fjallað er um endurmenntunarkerfi leiðsögumanna og sérstaklega horft til Skotlands í því efni.
4. Í skýrslunni er fjallað um að huga beri að lögverndun eða löggildingu starfsheitis leiðsögumanns.

Ólafur Karl sleit fundi er klukkan var þrjár mínútur gengin yfir miðnætti.